



4. apríl 2022

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 75. mál á 152. löggjafarþingi**

*Neytendalán o.fl. (ógildir skilmálar í neytendasamningum)*

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að í löggjöf á sviði neytendaréttar komi skýrt fram að brot gegn réttindum neytenda sem hún endurspeglar verði alltaf bótaskyld og samningar og samningsskilmálar sem brjóti gegn viðkomandi lögum séu ógildir. Hagsmunasamtök heimilanna eru heilshugar fylgjandi þessu og telja brýnt að skjóta styrkum stoðum undir þessi réttindi neytenda.

Eins og kemur fram í umsögn Neytendastofu er að mestu leyti um að ræða gildandi rétt, en samtökin geta ekki fallist á að þar með sé frumvarpið óþarft. Þvert á móti hefur reynslan sýnt að full þörf er á því að áréttu þann rétt með skýrum hætti í viðkomandi lögum. Sem dæmi má nefna að í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands árið 2010 voru tugþúsundir lána endurreiknuð en í engum tilfellum voru virtar kröfur neytenda um að samningurinn skyldi gilda að öðru leyti óbreyttur án hins ólögmeta skilmála, heldur lögðust dómstólar og löggjafinn á eitt um að breyta vaxtaskilmálum þeirra í mun óhagstæðari vaxtakjör en þau sem viðkomandi neytendur höfðu samið um. Með því var sá réttur neytenda hafður að engu þrátt fyrir að hann kæmi skýrt fram í 3. mgr. 36. gr. c. samningalaga nr. 7/1936.

Skýrt dæmi um samskonar tilhneigingu birtist í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. september 2021 í máli nr. E-3061/2020 um uppgreiðslugjöld, þar sem ÍL-sjóður var sýknaður af kröfum neytenda þrátt fyrir að ljóst væri að viðkomandi skilmálar hefðu brotið í bága við lög um neytendalán. Byggðist sú niðurstaða einkum á þeirri forsendu að ekki væri í viðkomandi ákvæði laganna tekið fram hvaða afleiðingar brot gegn því ætti að hafa. Jafnframt var því hafnað að neytendur gætu borið fyrir sig rétti sínum samkvæmt 36. gr. a-c í samningalögum vegna slíks brots gegn lögum um neytendalán.

Reyndar er það svo að í hundruðum eða jafnvel þúsundum dómsmála um neytendalán síðasta rúman áratug frá bankahruninu, hafa dómstólar aldrei tekið mark á umræddum réttindum neytenda! Til að koma í veg fyrir að sú framkvæmd festist frekari í sessi verður löggjafinn að áréttu þau réttindi svo ekki fari á milli mála hvaða afleiðingar brot gegn réttindum neytenda eigi að hafa. **Hagsmunasamtök heimilanna mælast því eindregið til þess að ofangreint frumvarp verði samþykkt.**

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is